

Breytingartillaga frá Þorkeli Helgasyni við tillögu nefndar C, lögð fram 9. júní 2011 um

1. gr. Fyrirkomulag kosninga til Alþingis

1. mrg. greinarinnar er þannig í tillögu nefndarinnar:

„Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri hlutbundinni kosningu með persónukjóri til fjögurra ára.“

Mgr. orðist svo:

„Á Alþingi eiga sæti 63 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegri kosningu af framboðslistum með persónukjóri til fjögurra ára.“

Greinargerð.

Hugtakið „hlutbundin kosning“ mun fyrst hafa komið fram í kosningalögum í byrjun síðustu aldar og þá átt við að frambjóðendur skuli vera á listum en ekki skrifaðir upp sem einstaklingar. Enn eimir eftir af þessari hugsun í lögum um kosningar til sveitarstjórna þar sem hreinar persónukosningar í þessum skilningi eru nefndar „óbundnar“.

Síðan hefur hugtakið verið bendlað við „hlutfallskosningar“.

Ekki gefst tími á þessu stigi til að rekja þessa sögu nánar.

Breytingartillagan er gerð í ljósi þessa:

1. Okkur er það keppikefli að skrifa stjórnarskráartexta fyrir almenning og forðast illskilgreind eða óvenjuleg hugtök. Hugtakið „hlutbundin kosning“ er hvorki vel skilgreint né heldur gegnsætt hugtak almenningi.
2. Nefnd C vildi stjórnarskrárákvæðin rúmuðu ýmsar tegundir persónukjörers í kosningalögum. Í skýringum með tillögu nefndarinnar er sérstaklega nefnt að krossamerking, stigagjöf og STV geti fallið innan ákvæðanna.
3. Heyrst hefur í lögspekingum (utan Stjórnlagaráðs) að aðferð eins og STV feli ekki í sér „hlutbundna kosningu“. Þessu er ég að vísu ekki sammála, en best er að ekki komi upp óþarft þras um túlkun. Því er betra að hafa orðalagið skýrt.

Ég bið féлага mína í C-nefnd afsökunar á því að koma með þessa tillögu eftir á. Ég hafði að vísu lýst áhyggjum mínum af hugtakinu „hlutbundin kosning“ en hafði ekki betra orðalag á takteinum fyrr en nú.

Til greina hafði komið að fella út orðið „hlutbundinni“ bótalaust en þá óttaðist nefndin þá gagnályktun að listar væru taldir úr sögunni.

Orðalagið „kosning af framboðslistum“ tel ég ná því vel sem nefndin hafði í huga, að listar haldist áfram þrátt fyrir persónukjör.